

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 332

júní 2022



Júní 2022. Blað nr. 332

THE LION IN ICELANDIC

Fjölumðæmi 109

Multiple District 109 Iceland

Opinbert málgagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMDÆMI 109

Tímaritið Lion kemur út sex sinnum á ári, fjögur prentuð blöð en tvö aðeins í netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í netútgáfu.

Lionsskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur er opin alla virka daga frá kl. 09.00 til 14.00

Sími: 561 3122, Fax: 561 5122, e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is

Skrifstofustjóri: Kolfinna Guðmundsdóttir




Fjölumðæmisstjórn:



Porkell Cýrusson, fjölumðæmisstjóri. Porkell er félagi í Lionsklúbbum Víðari. Ef þú þarft að hafa samband við hann þá er netfang hans: kelicyr@gmail.com



Póra Bjarney Guðmundsdóttir, umdæmisstjóri 109 A. Póra Bjarney er félagi í Lionsklúbbnum Eir. Ef þú þarft að hafa samband við hana þá er netfang hennar: torabg16@gmail.com



Anna Fr. Blöndal, umdæmisstjóri 109 B. Anna er félagi í Lionsklúbbnum Ylfa. Ef þú þarft að hafa samband við hana þá er netfang hennar: annabl@simnet.is

FJÖLUMDÆMISRÁÐ

FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2021 – 2022

Fjölumðæmisstjóri: Porkell Cýrusson, Lkl. Víðarr

Umdæmisstjóri 109A: Póra Bjarney Guðmundsdóttir, Lkl. Eir

Umdæmisstjóri 109B: Anna Blöndal Lkl. Ylfa

Fjölumðæmisritari: Guðmundur Helgi Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn

Fjölumðæmisgjaldkeri: Stefán Árnason, Lkl. Vitaðsgjafi

Fráfarandi fjölumðæmisstjóri: Björn Guðmundsson, Lkl. Hængur

Vara fjölumðæmisstjóri: Kristófer Tómasson, Lkl. Geysir

Protokol- og þingsstjóri: Kristinn Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar

Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Víðarr Friðriksson, Lkl. Hængur

Kynningarstjóri: Ellert Eggertsson, Lkl. Hafnarfjarðar

Umhverfisstjóri: Jóhanna Thorsteinsson, Lkl. Eir

Ritstjóri Lion og heimasíðu: Porkell Cýrusson, Lkl. Búðardals

Netstjóri: Sigurður Steingrímsson, Lkl. Vitaðsgjafi

GLT stjóri (menntun og leiðtogaþjálfun): Halldór Kristjánsson, Lkl. Ásbirni

GMT stjóri: (útbreiðsla og fjölgun): Geirþrúður Fanney Bogadóttir, Lkl. Æsa

GMT/konur í Lions: Sigfríð Andradóttir, Lkl. Æsa

GST stjóri: (verkefni) Björn Guðmundsson, Lkl. Hængur

NSR-AU nefndarmaður: Jón Pálmason, Lkl. Víðarr

NSR Coordinator: Björg Bára Halldórsdóttir, Lkl. Rán

Lestraráktsstjóri: Dagný S. Finnsdóttir, Lkl. Úa

Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni Þorsteinsson fyrrv. alþjóðastjórnarmaður, Lkl. Mosfellsbæjar

Hjálparsjóðsstjóri: Hörður Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Ungmennaskiptastjóri (og verkefna): Pálmi Hannesson, Lkl. Garður

Laganefnd (form.): Gissur Júní Kristjánsson, Lkl. Hafnarfjarðar

LCIF stjóri: Kristinn Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar

LCIF/IPIP: Guðrún Björt Yngvadóttir, Lkl. Eik

Lions Quest stjóri: Hrund Hjaltadóttir, Lkl. Fold

MedicAlert stjóri: Laufey Jóhannsdóttir, Lkl. Eik

Mennningarstjóri: Jóhanna Valdemarsdóttir, Lkl. Kaldá

Formaður Kjaransorðunefndar: Björg Bára Halldórsd., Lkl. Rán

Formaður þingnefndar: Stefán Árnason, Lkl. Vitaðsgjafi

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur Sigurðsson, Lkl. Ásbirni

Skoðunarmaður (aðal): Benjamín Jósefsson, Lkl. Akranesi

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J. Ingibergsdóttir, Lkl. Eik

Skoðunarmaður (vara): Kristín Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla

Varaumðæmisstjóri 109A: Víðarr Guðmundsson, Lkl. Garður

Varaumðæmisstjóri 109B: Sigurður Steingrímsson, Lkl. Vitaðsgjafi

Varaumðæmisstjóri (annar) 109A: Friðrik Hansen, Lkl. Fjörgyn

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B: Baldur Ingi Karlsson, Lkl. Hængur

Framkvæmdastjórn

Lionshreyfingarinnar 2021 – 2022:

International President: Douglas X. Alexander, USA

Immediate Past President: Dr. Jung-Yul Choi, Suður Kórea

First Vice President: Brian E. Sheehan, USA

Second Vice President: Dr. Patti Hill, Canada

Third Vice President: Fabricio Oliveira, Brasilíu

Second Year Directors:

Michael D. Banks, United States;

Robert Block, United States;

Kyu-Dong Choi, Korea;

Larry L. Edwards, United States;

Justin K. Faber, United States;

Allan J. Hunt, Canada;

Daniel Isenrich, Germany;

Bent Jespersen, Denmark;

Masayuki Kawashima, Japan;

Dr. Jose A. Marrero, Puerto Rico;

Nicole Miquel-Belaud, France;

VP Nandakumar, India;

Judge Christopher Shea Nickell, United States;

Sampath Ranganathan, India;

Marciano Silvestre, Brazil;

Masafumi Watanabe, Japan;

Guo-jun Zhang, China.

First Year Directors:

Elena Appiani, Italy;

K. Vamsidhar Babu, India;

Teresa Dineen, Ireland;

Pai-Hsiang Fang, China Taiwan;

Jeffrey R. Gans, United States;

Efren Ginard, Paraguay;

Je-Gil Goo, Korea;

Mats Granath, Sweden;

Ken Ibarra, United States;

Daisuke Kura, Japan;

Dr. Vinod Kumar Ladia, India;

Kenji Nagata, Japan;

Dr. Dianne J. Pitts, United States;

Allen Snider, Canada;

Ernesto Tijerina; deb Weaverling, United States;

John W. Youney, United States.

Upplag: 1000 eintök

Pökkun og dreifing: Lionsskrifstofan

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.

Forsíðumynd: Ávísun v/Rauðar fjaðrar

– Ljósmyndari þingsins

Jorri Kristjánsson (Jorri) tók myndina



Ritstjórnargrein

Komið sælir ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Þá er sjötta og síðasta tölublað þessa starfsárs komið út. Þetta blað er prentað blað og er frekar í styttri kantinum sem segir mér að flestir af okkar félögum eru komnir í sumarfrí frá lionsstarfinu. Engu að síður eru í blaðinu ýmsar áhugavekjandi greinar frá klúbbum svo og vegleg myndasíða og grein frá þinginu okkar í Hveragerði.

Starfið í vetur hefur ráðist svolítið af þeim vágasti sem hefur herjað á okkur Íslendinga sem og aðra jarðarbúa undanfarin ár. Nú er að verða breyting þar á og við virðumst a.m.k. þegar þetta er ritað hafa haft betur í baráttunni við hann. Þingið okkar var til dæmis staðarþing án allra takmarkanna sem er í fyrsta skipti síðan árið 2019 sem það er hægt.

Ég vænti þess að klúbbar fari á fullt í haust og vinni vel að sínum málefnum og safni vopnum sínum aftur og hefji starfsemi að meiri krafti en hingað til. Við sem hreyfing þurfum á því að halda að allir félagar taki höndum saman og vinnum veg hreyfingarinnar sem mestan.

Kröfur hafa komið fram um breytingar á blaðinu okkar og er ég sem ritstjóri ekki fráhræfver þvi að breyta blaðinu til þess að gera það meira áhugavekjandi fyrir félagan. Ritstjóri mun móta nokkrar tillögur til breytinga og leggja fyrir æðstu stjórn hreyfingarinnar og hleypa þeim í framkvæmd næsta starfsárs eftir kynningu sem verður vonandi í næstu blöðum.

Að lokum þakka ég öllum þeim sem komu að útgáfu þessa blads og þýðendum mínum fyrir samstarfið í vetur.

Netfang Lionsblaðsins er: lbl@simnet.is

Með lionskveðju, Porkell Cýrusson ritstjóri

Sáum fræjum friðar

Pistill Alþjóðaforseta



Kæru lionsfélagar
Ég hef aldrei haft marga græna fingur, en ég veit að garðyrkja er mikilvæg. Ég vei að við uppskerum það sem við sáum. Og ef við sáum ekki fræjum manngæsku og ástar, þá sjáum við ekki ljós friðar.

Í hinni árlegu friðarveggsþjalda og ritgerðasamkeppni okkar, biðjum við námsfólk að sýna okkur hvað friður þýðir fyrir þau, og ég verð alltaf jafn agndofa yfir því sem þar kemur fram. Þau mála hjartar og fallegar myndir af ást og samlyndi, deilingu og skilning. Mér er mikil hvatning af sýn þeirra á veröld okkar. Þó allar útgáfur þeirra af friði séu mismunandi, þá er einn sameiginlegur þráður. Þær túlka allar alþjóðlega tengingu.

Friður getur einungis náðst þegar við öll viðurkennum okkar alþjóðlegu tengingu. Ég er þú og þú ert ég.

Ég held að heimurinn sé fær um mikla ást og hlýju og ég held að heimurinn geti náð friði.

Það byrjar með að leggja öðrum lið. Það byrjar með þjónustu. Það byrjar með Lions.

Lionsfélagar, fyrir alla þá hlýju og gæsku sem þið útdeilið nær og fjær þakka ég ykkur fyrir að vera fræ friðar. Það er mín heitasta ósk að fyrir hvert góðverk sem við sáum þá uppskerum við annað í staðinn og svo annað þangað til við sjáum það kristaltært hvað tengd við öll erum.

Og endanlega, friður—ekki bara sem hugtak, heldur sem staðreynd—sem breiðist út um allan heim.

Ykkar til þjónustu.

*Douglas X. Alexander alþjóðaforseti
Lionshreyfingarinnar
Þýðing: Geir Hauksson*



Við ætlum að vera til gagns hér eftir sem hingað til

Kristófer Tómasson

Lkl. Geysi



Undirritaður mun taka við embætti fjöllumdæmisstjóra íslensku lionshreyfingarinnar þann 1. Júlí næstkomandi. Ég spyr mig hvort ég geti orðið til einhvers gagns í þágu lionshreyfingunnar og þar með samfélagsins. Ég veit það ekki og lofa engu um það. Það bíða ærin verkefni, rétt eins og ávallt hefur átt við

um þá sem hljóta slíkar vegtyllur. Fyrir mér er þetta ekki embætti sem markið hefur verið sett á í gegnum árin sem ég hef starfað í lionsklúbbnum mínum. Engu að síður tek ég við þessu kefli af auðmýkt og þakklæti fyrir traustið. Ekki lít ég svo á að ég sé að komast til valda innan hreyfingarinnar. Heldur er mín sýn á þetta embætti á þann veg að fjöllumdæmisstjóranum beri að vera til staðar fyrir aðra lionsfélaga og tala máli þessa hóps útávið og innávið. Við leggjum lið eru einkunnarorð lions, ég mun reyna eftir fremsta megni að verða að liði. Sérstaklega mun ég horfa til þess að veita klúbbunum stuðning minn og einstökum lionsfélögum.

Félagamálin, fjölbreytileikinn í klúbbunum, verkefni og allar þessar persónur sem skipa klúbbana þykir mér mjög áhugavert að kynna mér. Þegar ég var umdæmisstjóri fyrir rúmum áratug naut ég þess að heimsækja alla klúbba í A umdæminu. Ég lifi lengi á upplifuninni af því að hafa notið þess að gægjast innfyrir dyragættina í klúbbunum.

Til liðs við okkur, það er að segja undirritaðan og umdæmisstjórana höfum við fengið góðan liðsstyrk í embættin í fjöllumdæmisráði. Ég er

þakklátur þeim sem hafa gefið kost á sér í þau verkefni og vænti góðs af þeirra störfum.

Mér er í mun að sjá lionshreyfinguna dafna, ekki verður horft framhjá því að allnokkur dæmi eru um að klúbbar eigi erfitt uppdráttar og hafi jafnvel ekki fundað eftir að samkomutakmörkunum var aflétt. Þeim klúbbum þarf að hjálpa. Ég mun leita eftir því að koma þar að gagni. Allvíða eru dæmi um að teknir hafi verið inn nýjrir félagar inn í klúbba á síðustu misserum. Heyrst hefur að til séu biðlistar umsækjenda hjá nokkrum klúbbum. Í slíkum klúbbum er gaman. Ég er þess fullviss að víða leynist tækifæri til að stofna nýja klúbba. Sjálfur hef ég upplifað að oftar en maður heldur séu fólk úti í samfélaginu sem getur hugsað sér að ganga til liðs við hreyfinguna okkar. Það kostar ekkert að spyrja hvort ekki sé áhugi fyrir að mæta á lionsfund. Stærsta forsendan fyrir því að fólk sækist eftir að koma til liðs við lionsklúbba er að þar sé gaman. Þar sem er gaman, þar er líklegt að unnin verði góð verk.

*Með lionskveðju
Kristófer Tómasson lionsklúbbnum Geysi*

Skilafrestur á efni í næsta blað er 1. september

Pistill umdæmisstjóra 109A

Póra Bjarney Guðmundsdóttir

Umdæmisstjóri 109 A



Kæru Lionsfélagar ég vil byrja á að þakka Lionsklúbbum í Hveragerði fyrir mjög frábært ný afstaðið Lionsþing.

Það var greinilega kominn tími á að hitta Lionsfélagana, svo vel var mætt á þingið og gat ég ekki annað séð en að allir væru ánægðir með hvernig tókst til.

Ég óska öllum þeim sem kjörnir voru í embætti til hamingju og ósk um gott gengi.

Saman getum við mikið

Eins og ég hef talað fyrir bæði í framtíðarstefnu minni fyrir ári síðan og á öðrum fundum um að líta til nærsamfélagsins, eins og flestir klúbbar gera, þá fékk ég þá hugmynd um að

athuga hvort hægt væri að koma á samstarfsverkefni í umdæminu mínu 109 A. Hugmyndin var að safna til styrktar Píeta samtökunum. Þessi samtök hjálpa einstaklingum í sjálfsvígshugleiðingum og aðstandendum þeirra, það eru tekin að meðaltali 300 viðtöl á mánuði við einstaklinga, öllum að kostnaðarlausu.

Ég sendi á alla klúbba þessa hugmynd ásamt upplýsingum frá Píetum, í bréfinu var reiknisnúmer sem klúbbar gátu lagt inn ef þeir vildu taka þátt í þessu verkefni, það var algerlega frjálst framlag.

Í umdæmi 109 A, tóku 12 klúbbar þátt og í 109 B, tók Lkl Harpan Stykkishólmi þátt.

Lkl Álftanes

Lkl Eir

Lkl Freyja

Lkl Grindavíkur

Lkl Hafnarfjarðar

Lkl Keflavíkur

Lkl Laugardals

Lkl Múli

Lkl Njörður

Lkl Vestmannaeyja

Lkl Ýr

Lkl Ægir

Lkl Harpa

Þetta verkefni gefur Píetum **1. 400.000**. Ég þakka öllum formönnum/klúbbum fyrir frábært framtak, yndislegt að sjá samtakamáttinn, ég var mikið stolt af mínum frábæru samtökum þegar ég afhenti framkvæmdastjóra Píeta, Kristínu Ólafsdóttir þessa upphæð, hún

var svo þakklát. Það er hægt að sjá þann viðburð inná Píeta vefnum.

Þeir sem vilja styrkja Píeta geta lagt inná reikning: **0301-26-410416 Kt: 410416-0690**.

Lokaspretturinn

Nú er mínu umdæmisári að ljúka, þetta hefur verið skemmtilegur tími, búin að hitta marga og kynnast mikið af góðu fólki og það sem mér þykir vænst um er að finna hvað Lionshartað slær djúpt í okkar frábæru hreyfingu. Þó ég hafi ekki getað hitt alla Klúbba/formenn þá hef ég haft mjög gott og gjöfult samstarf við alla, ég vil þakka öllu þessu fólki fyrir skemmtilegt samstarf á þessu umdæmisári mínu.



Víðir, Friðrik og Inga Lóa, ég óska ykkur góðs gengis inn í nýtt tímabil.

Við göngum til góðs.

Póra Bjarney Umdæmisstjóri 109 A.

Pistill umdæmisstjóra 109B

Anna Blöndal

Umdæmisstjóri 109 B



Kæru lionsfélagar Í lok starfsárs er rétt að þakka fyrir sig. Ykkur öllum í stjórn umdæmis 109B, svæðisstjórum og öðrum embættismönnum. Teymistjórum og fulltrúum teymanna. Árið hefur verið viðburðaríkt og mörg stór verkefni verið á borði þeirra. Ég þakka einnig stjórn klúbba og klúbbsfélögum ánægjuleg kynni og samstarf. Það stendur uppúr eftir árið hversu fjölbreytt og skemmilegt starf umdæmisstjóra er, verkefnin mörg og mismunandi og hver og einn stjóri setur sitt mark sitt þar á.

Þakki einnig til ykkar allra í stjórn umdæmis- og fjöllumdæmis, ég er margs vísari um Lions nú en þegar ég tók við embættinu. Það er ekki sýst að þakka ykkur öllum sem hafið unnið með mér og staðið við bakið á mér - sýnt óendanlega þolinmæði við endalausum

spurningum og aðstoðað hvenær sem þess var óskað.

Það eru forréttindi að starfa í hreyfingu eins og Lions hvort heldur sem er á okkar heimavelli við verkefni í heimabyggð eða þáttaka í verkefnum á alþjóðavettvangi í gegnum hjálparstarf hreyfingarinnar. Fyrir mér snýst Lionsstarfið ekki sýst um vináttu okkar lionsfélaga og samhyggð með öðru fólki. Farmundan er nýtt starfsár. Við skulum ganga létt í lundu út í vorið og sumarið með lífsgleðina í farteskinu inn í næsta starfsár.

Kæru lionsfélagar takk fyrir samstarfið á árinu. Ég óska ykkur alls hins besta í framtíðinni og hlakka til að fá starfa með ykkur áfram í öðrum verkefnum.



Pistill fjöllumdæmisstjóra

Porkell Cýrusson

fjöllumdæmisstjóri MD109



Nú er mínu starfsári sem fjöllumdæmisstjóri að ljúka og er þetta síðasta greinin sem ég skrifa í blaðið sem fjöllumdæmisstjóri. Ég ætla því að fara aðeins yfir starfið í vetur hér stikla á stóru á þessu stóra lionsári. Þetta starfsár eins og undanfarin tvö ár þar á undan varð nokkuð fyrir barðinu á Covid og gátum við ekki haldið fundina okkar eins og við hefðum viljað en þetta vitið þið öll kærur lesendur svo ég ætla ekki að eyða meira af plássí þetta.

Starf fjöllumdæmisstjóra er margþætt og fjölbreytt og af mörgu er að hyggja. Það helst er að hann er framkvæmdarstjóri hreyfingarinnar og ber þannig ábyrgð á skrifstofu og daglegum rekstri. Hann situr í umdæmisstjóraráði ásamt umdæmisstjórunum tveimur og hefur þar eitt atkvæði. Eins ber hann ábyrgð á erlendum samskiptum s.s. Evrópuþingi og í norrænu samstarfi. Hann er formaður GAT teymis fjöllumdæmisins en í því sitja auk hans G stjórnarnir svokölluðu, GMT, GLT og GST.

Fjöllumdæmisfundir voru 3 á starfsárinu og auk þess höfðum við opið hús í tilefni af 70 ára afmæli hreyfingarinnar á Íslandi 9. apríl. Allir fundirnir voru rafrænir vegna sóttvarnaaðgerða, með ákveðnum undantekningum þó. Afmælishátíðin okkar var aftur á móti haldin í Lionsheimilinu og þá voru sóttvarnareglur engar svo við gátum haldið þann viðburð á eðlilegan hátt þ.e. staðarviðburð. Mæting á fundina var góð miðað við aðstæður og var þátttaka í störfum fundanna með miklum ágætum. Við erum ánægð með hvernig tiltókst með þessa fundi en hefðum auðvitað undir öllum kringumstæðum viljað hafa þessa fundi staðarfundi en því miður var ekki hægt að gera það.

Heimsókn alþjóðaforseta Lions

Alþjóðaforseti Lions, Douglas X Alexander kom til Íslands dagana 15. til 18. nóvember 2021. Það má segja að þrátt fyrir miklar sóttvarnaráðstafanir á landinu þá hafði heimsókn hans tekist með miklum ágætum og fátt eða ekkert sem ekki var hægt að gera í því sem hafði verið fyrir fram skipulagt. Douglas kom til Íslands frá Svíþjóð og ætlaði svo að fara héðan heim til Bandaríkjanna. Undirbúningsnefndin þurfti stöðugt að vera að aðlaga dagskrána til þess að uppfylla reglur um sóttvarnir. Alltaf þegar alþjóðaforsetar heimsækja okkur þá vilja þeir hitta sem flesta lionsfélaga til að fræða þá og hvetja. Douglas vildi auk þess setjast niður með forystu GAT teymisins.

NSR þingið á Íslandi

Ísland var að þessu sinni með forystu í norræna samstarfinu og hefði átt að halda staðarþing á Íslandi þetta starfsár. Vegna Covid-19 var ákveðið að hætta við að hafa þetta þing staðarþing og haldið var rafrænt þing annað árið í röð. Væntingar fyrir staðarþingið höfðu verið að við hefðum fengið 50-90 þátttakendur en á netþingið voru hins vegar skráðir 204 þátttakendur frá 9 löndum. Auk Lionsfélaga frá Norðurlöndunum voru þátttakendur frá Filippseyjum, Kýpur, Norður Makedóníu og Sviss. Mest voru 162 þátttakendur inni samtímis. Það er ljóst að ef ekki hefði verið ákveðið í nóvember 2021 að breyta þinginu í netþing þá hefði orðið að fresta því um ótiltekinn tíma.

Margir hafa spurt mig hvað er þetta norræna samstarf og hvað er NSR? NSR er skammstöfun fyrir Nordisk Samarbets Råd. Aðilar að samstarfsráðinu eru fjöllumdæmi Norðurlandanna fimm og Baltnesku þjóðunum er boðið að taka þátt með ýmsum hætti. Samstarfið hófst árið 1962 og hefur þróast í takti við tímann. Fjöllumdæmisstjórar Norðurlandanna fimm skipa stjórn ráðsins, en vinnunefnd AU (OC á ensku) sér um undirbúning mála og framkvæmd. Löndin fimm skiptast á að skipa formann stjórnar NSR og á þessu starfsári var það Porkell Cýrusson, fjöllumdæmisstjóri, sem var formaður fyrir Íslands hönd, Jón Pálmason var ritari hans sem fulltrúi í OC nefndinni fyrir okkar hönd. Það féll því í hlut Íslands að halda þingið á formannsári hans.



Rauð fjöður



Þetta starfsár var komið að sölu á rauðri fjöður sem var einn af stóru viðburðum hreyfingarinnar þetta starfsári. Það má með sanni segja að salan hafi gengið vel og nánast eftir áætlun. Þátttaka klúbba í landinu var misgóð en það er eins og gengur. Við lögðum upp með það markmið að geta safnað fyrir 5 leiðsöguhundum sem hver kostar um 6 milljónir. Niðurstaða af þessari söfnun er kynnt á þinginu síðar í dag og búið er að afhenda söfnunarfé til Blindrafélagsins upp á 30 milljónir. Þegar þetta er skrifað er enn að berast inn framlög til okkar svo þessi upphæð á eftir að hækka nokkuð.

Lokaorð

Teymin mín hafa unnið frábært starf í vetur og er afrakstur af vinnu þeirra tíundaður í skýrslunni minni sem kemur með fundargerð þingsins og verður aðgengileg á heimasíðu Lions. Ég þakka stjórnendum teymanna kærlega fyrir þeirra framlag. Því miður láta stjórnendur GST og GMT teymis af störfum núna í lok júní og þarf að finna nýtt fólk í þeirra stað. Ég treysti viðtakandi fjöllumdæmisstjóra vel til þess að finna fólk til starfanna. Ég tel að við í fyrstjórinni hvar sem við erum við stjórn eigum að hlúa vel að fólkinu sem vinnur með okkur og skilar frábæru starfi, þakka þeim fyrir vel unnin störf og hvetja þau til dáða, byggja upp en ekki brjóta niður.

Ég þakka öllum þeim sem gáfu tíma sinn til að vinna með mér að lionsmálum. Þetta ár var mjög annasamt og ekki sjálfsgagt að allir gefi tíma sinn svona mikið. Sérstaklega þakka ég umdæmisstjórunum, þeim Þóru og Önnu, fyrir samstarfið í vetur sem að mínu viti hefur gengið vel þó auðvitað megi alltaf gera betur. Ég veit vel að öll mannanna verk eru gagnrýni verð og þannig eru mín verk líka, ég vona að ég skili af mér góðu starfi til næsta fjöllumdæmisstjóra sem ég óska velfarnaðar í starfi sem og umdæmisstjórum og öðrum embættismönnum sem taka við keflinu 1. júlí í sumar.



Lionsklúbbur Patreksfjarðar 60 ára

Ræða formanns afmælisnefndar á hátíðarkvöldverði 26. mars 2022



Anna Blöndal umdæmisstjóri 109B.



Kokkurinn síkati Gísli Ægir Ágústsson og hans fólk sá um kræsingarnar.



Guðný Guðjónsdóttir og Inga Hlín Valdemarsdóttir frá Kvenfélaginu Sif færðu klúbbum blómvönd sem Sigurður Viggósson, formaður tók á móti.



Helga Bjarnaóttir.

Umdæmisstjóri, Anna Blöndal, formaður, Sigurður Viggósson, Lionsfélagar, velunnarar og gestir.

Fyrir hönd afmælisnefndar Lionsklúbbs Patreksfjarðar býð ég ykkur öllu velcomin til þessa hátíðarkvöldverðar í tilefni af 60 ára afmæli klúbbsins.

Ég vill sérstaklega bjóða velkomna gesti frá samstarfsfélögum okkar af staðnum en þau eru, Inga Hlín Valdemarsdóttir og Guðný Guðjónsdóttir frá Kvenfélaginu Sif, Siggeir Guðnason og Jónas Þrastarson frá Björgunarsveitinni Blakk. Fleiri áttu ekki heimangengt bæði vegna Covid og annars.

Lionsklúbbur Patreksfjarðar var stofnaður þann 19. febrúar árið 1962. Forystu að stofnun klúbbsins áttu þáverandi umdæmisstjóri Hilmar Foss, Eyjólfur Sigurjónsson og Haraldur Á Sigurðsson ásamt áhugasömum heimamönnum. Móðurklúbbur var Lionsklúbbur Reykjavíkur. Fyrsta stjórn klúbbsins var þannig skipuð: Sigurður Jónasson formaður, Ingólfur Arason gjaldkeri og Jakob Helgason ritari. Stofnfélagar Lionsklúbbs Patreksfjarðar voru alls 28. Stofnskrárhátíð var haldin 6. október



Lárus Björnsson, sjúkranuðdari, tók við gjöf frá Lionsklúbbum sem er Fjölbjálfi.

sama ár og við það tækifæri var klúbbum færð stofnskrá og viðurkenning Lions International.

Lionsklúbbur Patreksfjarðar vann að stofnun Lionsklúbbs Tálknafjarðar, ásamt Lionsklúbbum á Bíldudal, sem var móðurklúbbur hans. En það er nú svo með lífsgönguna að hún er mislöng, því bæði móðir og barn eru ekki lengur til, þó gott líf sé með gömlum lionsfélögum þar.

Í starfssögu klúbbsins er margs að minnst og hafa ýmsar leiðir verið farnar til fjáröflunar. Á fyrstu árunum var farið í sjóróðra og aflaðist

undantekningarlaust vel og náðust þar góðar tekjur. Ekki verður talað hér um hæfileika lionsmanna í sjómennsku, né afrek önnur við þau störf, en þetta var eingöngu hægt fyrir tilstuðlan og velvilja útgerðaraðila, skipstjóra og annarra í áhöfn bátanna.

Hefðbundin fjáröflunarverkefni sem verið hafa nánast frá upphafi eru sala á jólatrám og jólagreni, ásamt leikfangahappdrætti. Seinni árin hefur komið til sala á kæstri skötu og hefur vinsældir skötunnar teigt anga sína alla leið til Hong Kong.

Heiðurssjóður Guðrúnar Bjartar.
Munum eftir Heiðurssjóðnum, öll framlög í hann skipta máli.
Upplýsingar eru á skrifstofu Lions.



Kútmagakvöldin okkar eru orðin víðfrægt og eru þau stærsta árlega fjárflostin og jafnan vel vandað til þeirra kvölda. Bæði með góðum veitingum í fjölbreyttu umhverfi og uppboðum á listaverkum með líflegum hætti. Þá má segja að þau skili sér ekki eingöngu í miklum fjármunum, heldur hafa bæði góð og jákvæð áhrif á þá sem mæta. Vinnuframlag félagsmanna er talið í hundruðum tíma og nýtur klúbburinn eining annara til að gera kvöldið sem glæsilegast. Við leyfum okkur að berja okkur á brjóst í kvöld því féð sem safnast á þessum kvöldum er umtalsvert og má nefna að veltan á síðasta kútmagakvöldi var um 14 milljónir. Allt fer þetta út í samfélagið aftur á góða staði.

Verkefni klúbbsins hafa verið margvísleg frá upphafi, frá fyrri tíð má nefna að klúbburinn tók þátt í söfnun ásamt öðrum Lionsklúbbum á Vestfjörðum til stofnunar og reksturs vistheimilisins í Bræðratungu á Ísafirði. Samfélagsverkefni af ýmsum toga t.d. með tilteknum og fegrun umhverfis, jólaball barna og ferðalög með aldraða, verkefni sem unnin eru í samvinnu við samstarfsmenn okkar í Kvenfélaginu Sif og Slysavarnardeildinni Unni. Þá hafa verið veitt verðlaun við skólaslit Grunnskólans til nemenda sem sýnt hafa góðan árangur í íslensku.

Frá stofnun Framhaldsdeildar Fjölbrotaskóla Snæfellsness höfum við styrkt nemendur til bókakaupa í upphafi skólagöngu þeirra ásamt því að styrkja nemendafélagið.

Klúbburinn styrkir verkefni á víðasta sviði menningar- og menntamála, eins og áður hefur komið fram, en styrkir til líknarmála er og verður áfram aðalverkefni klúbbsins, sem eðli málsins samkvæmt er ekki alltaf haft í hávegum.

Allt þetta starf hefur verið unnið af klúbbfélögum af einurð og fórnýsi og verður seint fullþakkað.

Það er því meðal annar tilgangur þessa hátíðarkvöldverðar að þakka frumkvöðlum klúbbsins gegnum árin fyrir gott og fórnúst starf og um leið að þakka fyrrverandi og núverandi félögum og samferðamönnum öllum fyrir þeirra starf.

Nú er aðeins einn stofnfélagi á lífi, séra Tómas Guðmundsson en honum var að sjálfsgöðu boðið ásamt eiginkonu en aldurinn hefur færst yfir þau eins og klúbbinn.

Eins og sjá má hér á veggjum eru þar nokkrir annálar frá fyrri árum sem mér hefur alltaf þótt gaman að lesa. Alveg fram til ársins 1990 var þetta á hverjum fundi. Mér þótti oft mikið um að vera enda uppgangssár á hluta tímabilsins. En ef ég ætti að fara með annál núna þá mundi

ég tala um fordæmalaus tíma, það væri Covid, hræðilegt stríð í Evrópu, það færu sennilega tvær blaðsíður í veðurfarið undanfarnar vikur, nýr togari og bara allt í gangi.

Að síðustu vill ég þakka félögum mínum í afmælisnefndinni fyrir gott samstarf, covidíð beit okkur þar líka en félagi okkar hann Eiður Thoroddsen var sleginn þar og höfum við Óskar Leifur Arnarson séð um verkin með ánægju.

Um leið og ég ítreka þakkar til ykkar fyrir komuna, segi afmælishófið sett og bið veislustjóra kvöldsins Pál Vilhjálmsson að taka við.

*Ari Haflíðason
formaður afmælisnefndar
Lionsklúbbs Patreksfjarðar.*



Minning + Óttar Sveinbjörnsson



Óttar fæddist í Hraunprýði á Hellissandi 14. nóvember 1942. Árið 1963 kvæntist hann Guðlaugu Írisi Tryggvadóttur og lifir hún mann sinn. Óttar lést 30. desember 2021.

Óttar var stofnfélagi í Lionskl. Nesþinga við stofnun hans 29. nóvember árið 1970. Á þessum langa starfsferli eða í 51 ár starfaði hann í mörgum nefndum og verkefnum fyrir klúbbinn, var formaður 1984-1985 og aftur 2000-2001, gjaldkeri 1978-1979 og í verkefnaneftnd sem stóð fyrir að reisa minnisvarða um

Eggert Ólafsson á Ingjaldshóli. Einnig var hann í forystusveit að gerð örnefnamyndar, uppsetningu skilta sem vísa á merka staði og

fornar lendingar í Neshreppi utan Ennis sem samanstendur af Hellissandi, Rifi og Gufuskálum. Hann var í gróður- og landgræðslunefnd, ljósmyndari og blaðafulltrúi og í ferðanefnd sem stóð fyrir frábærum ferðum klúbbsins til Færeyja og Svíþjóðar.

Þessum störfum og mörgum öðrum gegndi Óttar af dugnaði og trúmennsku. Hann var meðmælandi margra sem gengu í klúbbinn. Óttar mætti vel á fundi og var nánast með 100% mætingu gegnum árin. Árið 2008 var Óttar gerður að Melvin Jones félagi sem er æðsta viðurkenning Lions hreyfingarinnar.

Óttar var rafvirki að mennt og rak verslunina Blómsturvelli á Hellissandi.

Fallinn er frá góður félagi sem við kveðjum með hlýhug og virðingu. Við þökkum trausta og góða samfylgd og sendum fjölskyldu hans okkar dýpstu samúðarkveðjur.

Fyrir hönd félaga í Lionsklúbbi Nesþinga
Smári Jónas Lúðvíksson

Kúttmagakvöld Lionsklúbbanna Ægis og Fjölнис

Já, merkilegt nokk nú tókst að halda hið nærri því árlega fjáröflunarkarlavöld lionsklúbbanna Ægis og Fjölнис. Já, ég er að tala um Kúttmagakvöldið sem haldið hefur verið á Hótel Sögu um árafjölda. En nú er Saga ei meir og var því boðið til fagnaðar í Gullhömrum föstudagskvöldið 25. mars 2022.

Við viljum gjarnan komast í samstarf við þriðja klúbbinn því nú erum við með aukinn sætafjölda og getum blásið í lúðra og lagt fleirum lið. Innkoma þessa kvölds fer sem fyrr í líknarmál og njóta Sólheimar í Grímsnesi (endurbýgging sundlaugar) og Krýsuvíkur samtökin góðs af í þetta sinn.

Við óskum eftir að heyra frá áhugasömum lionsklúbbsi í ábatasamt samstarf.

Meðfylgjandi myndir tók Jón Svavarsson / Mótív myndir.

Sveinbjörn Fjölнис Pétursson



Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.

<https://www.lions.is/is/minningarkort>

EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.



Gátlisti ritara 2022-2023

Mánuður	Nokkur verkefni	χ
Júlí 2022	✓ Taka við gögnum fráfarandi ritara	
	✓ Lagfæra upplýsingar í félagatali og uppfæra ferilskýrslu klúbbfélaga	
	✓ Útbúa dagatal/félagatal/starfsáætlun fyrir klúbbinn	
	✓ Skrá sig inn hjá LCI og einnig á innri vef lions.is	
	✓ 28.07 - Skrá mánaðarskýrslu hjá MyLCI og virkniskýrslu hjá MyLion	
Ágúst 2022	✓ Funda með stjórn um starfsárið framundan	
	✓ 28.08 - Skrá mánaðarskýrslu hjá MyLCI og virkniskýrslu hjá MyLion	
September 2022	✓ Senda afrit af uppfærðu félagatali til Lionsskrifstofunnar	
	✓ Senda skýrslu til svæðisstjóra um starf klúbbsins	
	✓ Fyrsti svæðisfundur – mæta á hann	
	✓ 28.09 - Skrá mánaðarskýrslu hjá MyLCI og virkniskýrslu hjá MyLion	
Október 2022	✓ Senda Lionsskrifstofunni upplýsingar um breytingar í félagatali	
	✓ 28.10 - Skrá mánaðarskýrslu hjá MyLCI og virkniskýrslu hjá MyLion	
Nóvember 2022	✓ Senda Lionsskrifstofunni upplýsingar um breytingar í félagatali	
	✓ Senda skýrslu til svæðisstjóra um starf klúbbsins	
	✓ Annar svæðisfundur – mæta á hann	
	✓ 28.11 - Skrá mánaðarskýrslu hjá MyLCI og virkniskýrslu hjá MyLion	
Desember 2022	✓ Senda Lionsskrifstofunni upplýsingar um breytingar í félagatali	
	✓ 28.12 - Skrá mánaðarskýrslu hjá MyLCI og virkniskýrslu hjá MyLion	
Janúar 2023	✓ Senda Lionsskrifstofunni upplýsingar um breytingar í félagatali	
	✓ 28.01 - Skrá mánaðarskýrslu hjá MyLCI og virkniskýrslu hjá MyLion	
Febrúar 2023	✓ Senda Lionsskrifstofunni upplýsingar um breytingar í félagatali	
	✓ Senda skýrslu til svæðisstjóra um starf klúbbsins	
	✓ Priðji svæðisfundur – mæta á hann	
	✓ 28.02 - Skrá mánaðarskýrslu hjá MyLCI og virkniskýrslu hjá MyLion	
Mars 2023	✓ 15. mars – Skrá næstu stjórn, starfsárið 2022 - 2023	
	✓ 28.03 - Skrá mánaðarskýrslu hjá MyLCI og virkniskýrslu hjá MyLion	
	✓ Skrá þátttakendur á umdæmis- og fjölumdæmisþing 19 – 20 maí á Akureyri fyrir 10. mars. Fylla út kjörbréf og senda fyrir 1.apríl.	
Apríl 2023	✓ Senda Lions skrifstofunni upplýsingar um breytingar í félagatali	
	✓ Senda skýrslu til svæðisstjóra um starf klúbbsins	
	✓ Fjórdi svæðisfundur – mæta á hann	
	✓ 28.04 - Skrá mánaðarskýrslu hjá MyLCI og virkniskýrslu hjá MyLion	
Maí 2023	✓ Senda Lions skrifstofunni upplýsingar um breytingar í félagatali	
	✓ Skrá upplýsingar um feril klúbbfélaga í starfsskýrslu viðkomandi	
	✓ Umdæmis- og fjölumdæmisþing 19 – 20 maí á Akureyri	
	✓ Skila innlendra ársskýrslu fyrir 15.maí til Lions skrifstofunnar (Ein A4 síða á rafrænu formi).	
	✓ 28.05 - Skrá mánaðarskýrslu hjá MyLCI og virkniskýrslu hjá MyLion	
Júní 2023	✓ Senda Lions skrifstofunni upplýsingar um breytingar í félagatali	
	✓ Undirbúa gögn fyrir viðtakandi ritara.	
	✓ 28.06 - Skrá mánaðarskýrslu hjá MyLCI og virkniskýrslu hjá MyLion	

Að veita líknarmeðferð við lífslok

Eftir: Elizabeth Edwards

Ímyndaðu þér einhvern sem þér þykir vænt mjög veikan og þarf stað til þess að eyða síðustu dögum lífsins þar sem séð er um viðkomandi í verkjastillandi meðferð.

Umönnun á hjúkrunarheimili hjálpar ástvinum þegar meðferð getur ekki lengur læknað eða stjórnað sjúkdómi. Þverfaglegt teymi lækna, hjúkrunarfræðinga, félagsráðgjafa, presta og sjálfbóðaliða vinnur að því að veita læknisfræðilegan, tilfinningalegan og andlegan stuðning, á einkaheimili, hjúkrunarheimili eða legudeild. Venjulega fer sá sem er veikur inn á sjúkrahús þegar búist er við að hann eða hún lifi sex mánuði eða skemur.

Lionsfélagar í Illinois þekkja mikilvægi samúðar og þæginda fyrir fjölskyldumeðlim við lok lífs og þörfina á að hjálpa fjölskyldum að líða tilfinningalega undirbúna fyrir andlát ástvinnar. Því miður voru margar fjölskyldur á biðlista eftir herbergjum á Lightways Hospice and Serious Illness Care í Joliet.

Eileen Gutierrez, yfirmaður þróunar- og samskiptasviðs Lightways, sagði að legudeildin ákvað að stækka og endurnýja umönnunaraðstöðu sína úr 16 herbergjum í 20 herbergi vegna þess að þau vildu þjóna samfélagi sínu og búa til fleiri fjölskyldumiðuð svæði. Endurgerðarverkefnið fyrir 8,5 milljónir Bandaríkjadala hófst eftir að Illinois fylki samþykkti lög um að auka stærð legudeilda sjúkrahúsa árið 2018.

Eftir margra ára stuðning við aðstöðuna með gjöfum eins og verkjaralukkkum ákváðu Lionsmenn í umdæmi 1-BK í Illinois að auka stuðning sinn ásamt 15 öðrum lionsklúbbum sem söfnuðu meira en 10.000 Bandaríkjadalum. Til að bæta aðstöðuna enn frekar sneru lionsmenn sér til Lions Clubs International Foundation (LCIF) til að fá frekari stuðning. LCIF veitti samsvarandi styrk upp á 10.000 Bandaríkjadali, sem gerir heildarframlag Lions í umdæmi 1-BK til verkefnisins meira en 20.000 Bandaríkjadali.

„Þar sem þörf er á, þar er Lions, og við tókum öll höndum saman til að hjálpa til við að þjóna samfélaginu okkar,“ sagði fyrrverandi umdæmisstjóri John Joseph Honiotes, umsjónarmaður styrkja. „Þjónusta kemur á margan hátt og að hjálpa einhverjum til að eiga friðsælar og kærleiksríkar síðustu stundir er sannkölluð óeigingjörn þjónusta við náungann“.

Samkvæmt Honiotes ætluðu Lightways upphaflega að nota framlagið til að innrétta eitt nýtt herbergi með rúmi, sófa og legustól, en þeir áttuðu sig fljótt á því að styrktarsjóðirnir studdu einnig innréttingar fyrir allt herbergið, þar á meðal borð, spegla, gluggatjöld og baðföt og fleira.

„Fyrir einstakling á hjúkrunarheimili eða sjúkrahúsi er þetta tilfinningaþrunginn tími fyrir fjölskylduna og við vildum hjálpa til við að gera dvöl þeirra eins þægilega og mögulegt er,“ sagði hann.

Fyrir Gutierrez eru þægindi sjúklings og fjölskyldumeðlima markmið aðstöðunnar. Í hverju herbergi opnast gluggar og hurðir út á verönd sem gerir sjúklingi kleift að upplifa ferskt loft og útveru. Aðstaðan felur í sér opna mataraðstöðu allan sólarhringinn, herbergi fyrir fjölskyldur og sofa/sameign.

„Við erum til staðar fyrir þá sem þurfa á því að halda og lýsum leiðina með leiðsögn og stuðningi,“ sagði Gutierrez.



Myndatexti: Lions í Illinois og LCIF studdu innréttingu á dvalarherbergi á Lightways Hospice and Serious Illness Care í Joliet, Illinois.

Verkefninu lauk sumarið 2021 og eining með 20 rúmum opnaði það haust.

„Stuðningur samfélagsins skiptir okkur hjá Lightways miklu máli,“ sagði Gutierrez. Sjúklingaherbergi nr.10, sem nú er nefnt eftir Lions í Illinois og LCIF, mun þjóna hundruðum fjölskyldna, þar sem starfsmenn munu veita líknarmeðferð til að auka gæði síðustu daga samborgaranna.

„Örlögin höguðu því þannig til að lionsfélagi frá Crest Hill, Illinois, var sá fyrsti til þess að leggjast inn í herbergið,“ sagði Honiotes. „Við erum stolt af því að þjóna samfélaginu okkar – og lionsfélögum okkar – á öllum stigum lífsins“.

Lionsklúbbarnir sem studdu verkefnið eru Bolingbrook, Braidwood, Channahon, Crest Hill, Crete, Frankfort, Joliet Noon, Lemont, Lockport, Minooka, Mokena, Morris, New Lenox, Plainfield og Shorewood í umdæmi 1-BK Illinois.

Til þess að læra meira um styrki LCIF (samsvörunarstyrki), heimsækið lionsclubs.org/MatchingGrants.

Þýðing: Þorkell Cýrusson

**NÝIR MODEL KLÚBBAR HAFA FREST
TIL 30. JÚNÍ 2025 TIL AÐ LJÚKA GREIÐSLUM.**

Lionsklúbburinn Víðarr

Lokafundur klúbbsins var haldinn laugardaginn 21. maí síðastliðinn og þar með lauk vetrarstarfinu þetta starfsár. Farin var ferð um Suðurnesin í farastjórn Harðar Gíslasonar sem var ákaflega skemmtileg og fróðleg. Hörður er ákaflega fróður um svæðið og sagði okkur margar skemmtilegar sögur ásamt fróðleik um svæðið.

Farið var frá Lionsheimilinu í Kópavogi og ekið sem leið liggur að Kleifarvatni þar sem var stoppað og félagar og makar þeirra upplýstir um staðinn og jarðfræði hans. Síðan lá leið okkar í Grindavík þar sem séra Elínborg Gísladóttir sóknarprestur tók á móti okkur í kirkjunni og fræddi okkur um hana. Snætt var nesti í Grindavík og síðan ekið að Reykjanesvita, með viðkomu í Svartsengi og þaðan fram hjá Höfnum og stoppað í Þórshöfn þar sem við fengum mikinn fróðleik um þann

stað. Eftir það stopp var haldið áfram í gegnum Sandgerði og þaðan í Garðinn og stoppað í Byggðarsafninu við Garðskagavita. Að endingu var haldið í Duus hús í Keflavík og snæddur dýrindis kvöldverður og síðan var haldið heim á leið og stjórnarskipti voru síðan í Lionsheimilinu áður en haldið var heim á leið. Frábær ferð í góðu veðri og með sérlega góðri fararstjórn. Það var Björn Guðmundsson félagi okkar sem hafði veg og vanda af skipulagningunni og kann ég honum bestu þakkir fyrir.

Porkell Cýrusson



Lionsklúbburinn Engey

Við Engeyjarkonur hófum starfsárið 2021-2022 með fundi í Kringlukuránni 14. september, þá voru hugmyndir að verkefnum ársins kynntar, stjórnarskipti fóru fram og lesið var úr bók sem félagar hafa skráð í hugðarefni sín og minningar og við köllum „Skilaboðaskjóðu“. Að þessu sinni las Heiðrún Rútsdóttir Bernskuminningar félaga okkar, Hrafnhildar Bjarnadóttur, sem þá var nýlátin.

Klúbbfundir eru haldnir annan mánudag hvers mánaðar, auk þess sem félagar hittast í annarri samveru. Þá höfum við haldið áfram eins og undanfarin ár með þrjónaverkefnið okkar sem við leggjum mikinn metnað í. Við komum saman í Lionsheimilinu flesta mánudaga, sitjum við hannyrðir í 2-3 klst. auk vinnustunda heimafyrir, allt er gefið til hjálparstarfs, víða er þörfin og hefur klúbburinn fengið miklar þakkir fyrir.

Ferðalög innanlands og utan hafa jafnan verið fastur og vinsæll liður í félagsstarfi klúbbsins. Að þessu sinni var farin dagsferð í falletgu haustveðri austur fyrir fjall í byrjun október. Ekið til Þingvalla með stuttu stoppi og síðan í Sólheima þar sem vel var tekið á móti okkur og starfsemin kynnt, fórum í Skálholt og fengum þar leiðsögn og endað á Selfossi þar sem við snæddum veislumáltíð á Hótel Selfossi.

Á klúbbfundi í október las Þórunn Sigurðardóttir úr Skilaboðaskjóðunni, Erindi úr Einræðum Starkaðar eftir Einar Benediktsson. Þann 1. nóvember var farið ásamt mökum í heimsókn í Hæstarétt. Þar tóku á móti okkur Benedikt Bogason forseti hæstaréttar og Ólöf Finnsdóttir skrifstofustjóri og sýndu húsakynninn og lýstu starfseminni. Einstaklega skemmtileg og fræðandi heimsókn. Á klúbbfundi í nóvember var gestur fundarins Kristín Björg Sigurvinsdóttir rithöfundur og las hún úr bók sinni „Dóttir hafsins“. Þá var Ásdísi Kristinsdóttur veitt Melvin Jones viðurkenning.

Það var ánægjulegur dagur í nóvember þegar Hjálparstarf kirkjunnar og Kvennaathvarfið fengu að gjöf frá Klúbbnum 258 stykki af þrjónavörum á börn: teppi, peysur, húfur, vettlinga, sokka, háls skjól o.fl. Klúbbfélagar borguðu gam og annað efni sem til þurfti og er andvirði fatanna varlega áætlað 700.000 ísl. krónur.

Að venju var jólafundurinn haldinn í heimahúsi, hátíðlegur að vanda. Þá var tveimur félögum, systrunum Guðrúnu og Halldóru Þorvaldsdætrum, veitt silfur Kjaransmerki vegna stórafmæla. En svo stoppaði kórónuveiran okkur í janúar og féll þá klúbbfundur niður, svo og árlegt



Sigríður Einarsdóttir formaður og Friðrik Hansen Guðmundsson.



Heiðrún Rútsdóttir og Friðrik Hansen Guðmundsson, 2. vara umdæmisstjóri.



Karitas Kristjánsdóttir.



Heimsókn í Hæstarétt.



Guðrún H. Björnsdóttir, Kristín Rútsdóttir og Sigríður Einarsdóttir.



Þrúðbúnar á lokafundi.



Þrúðbúnar á lokafundi.



Jólafundur, Jóna Guðjónsdóttir, Kristín Rútsdóttir og Sylvía L. Gunnarstein.



Sigríður Einarsdóttir og systurnar Guðrún og Halldóra Þorvaldsdætur.



Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfr. Vatnajökuls-þjóðgarðs.



Hannyrðir tilbúnar til afhendingar.

Þorrablót klúbbsins og happdrættið, sem hefur verið aðal fjáröflun klúbbsins. Á febrúarfundinn fengum við góðan gest, Hildi Sunnu Pálmadóttur, lögfræðing í Dómsmálaráðuneytinu og hélt hún áhugavert erindi um mansal og á klúbbfundi í mars hélt félagi okkar, Helga Tryggvadóttir, skemmtilegt erindi sem hún nefndi "Fyrsta ræðan", en að því loknu tókum við þátt í Góugleðinni á Zoom. Í lok mars var farið í Borgarleikhúsið og horft á tekið „Er ég mamma mín?“.

Um mánaðamót mars/apríl tók klúbburinn þátt í landssöfnun undir merkjum rauðu fjaðrarinnar, þar sem Lions á Íslandi og Blindrafélagið söfnuðu fyrir leiðsöguhundum og gekk salan ágætlega vel. Þá lögðu klúbbfélagar til framlag í LCIF kr. 180.000 ísl.kr. til styrktar flóttafólki

frá Úkraínu, auk 20 þús.kr. sem greiddust úr verkefnasjóði. Þá greiðum við mánaðarlega upphæð til fósturbarns í SOS barnaþorpi í Vietnam. Einnig má geta þess að klúbbfélagi gaf heklaðar jólastjörnur að andvirði 50 þús.kr. Stjörnurnar voru seldar og peningarnir lagðir inn í verkefnasjóð.

Á klúbbfundi sem haldinn var 11. apríl voru gestir fundarins: Friðrik Hansen Guðmundsson annar varaumdæmisstjóri, sem veitti m.a. viðurkenningar fyrir 15, 30 og 35 ára störf í Lions og Ingibjörg Halldórsdóttir lögfræðingur hjá Vatnjökulspjóðgarði. Flutti hún ákaflega fræðandi og líflegt erindi. Að auki las Karítas Kristjánsdóttir úr Skilaboðaskjódunni skemmtilega og fróðlega frásögn af eigin lífshlaupi.

Lokafundurinn var síðan haldinn 10. maí í veitingastaðnum Sjálandi þar sem auk hefðbundinna fundarstarfa var fylgst með íslensku keppendunum í Eurovision og félagi veitt viðurkenning fyrir 35 ára starf í klúbbnum.

Við erum stoltar af starfinu okkar í klúbbnum eins og starfi svæðisstjóra sem félagi okkar Guðrún H. Björnsdóttir hefur sinnt svo vel á starfsárinu – áfram Lions!

Ásdís Kristinsdóttir



Lionsklúbburinn Kaldá

Síðasti fundur starfsársins var haldinn 17. maí í Fjörinni Hafnarfirði. Við héldum uppá 30 ára afmæli sem Lionsklúbbur með góðum mat og drykk. Góð mæting var og við rifjuðum upp verkefni liðinna ára. Ýmislegt höfum við gert á þessum árum sem gaman er að minnst um tímamót sem þessi.

Árin í Lionsshreyfingunni er orðin 36 en fyrstu árin var klúbburinn Lionessklúbbur.

Stjórnarskipti voru á fundinum og hana skipa. Jóhanna Valdemarsdóttir formaður, Guðrún Guðnadóttir ritari, Lilly Jónsson gjaldkeri.

Við göngum glaðar inn í sumarið með fallega afmælisrís í hendi og þökkum góðan vetur.

Jórunn Jörnsdóttir





Apríl – myndasíða


Ljósmyndir eru eftir:

Friðgeir Guðmundsson, Lkl. Hafnarfjarðar

Guðmund Jónsson, Lkl. Bjarma

Bryndísi Ragnarsdóttur, Lkl. Úu





Lionsklúbburinn Sunna

Hér með fylgja smá fréttir af starfinu okkar í vetur.

Í núverandi stjórn eru:

Formaður Hólmfríður G. Skúladóttir

Ritari Bjarney A. Sigfúsdóttir

Gjaldkeri Anna Hafdís Jóhannesdóttir

Starfið í vetur hefur gengið ótrúlega vel þó höfum þurft að sleppa einum og einum fundi.

Enduðum vetrarstarfið með óvissuferð 10. maí sem stjórn sá um að skipuleggja.

Farið var í sumarbústað gjaldkera, í Daley sem er hönnunarfyrirtæki á Árskógsströnd, en þar hannar Guðrún Inga Hannesdóttir og fjölskylda ýmsar vörur sem hún m.a. lasersker ýmislegt. Að endingu var farið á Baccalábar á Hauganesi og borðað.

Eftir matinn veitti Hólmfríður formaður Hvatningaorðu í fyrsta skipti og hlaut Hafdís Sigurbergisdóttir ein af stofnfélögum okkar hana. Með orðunni fylgdi hrós fyrir vel unnin störf í gegnum tíðina. Orðan er hugsuð sem farandgripur og mun Hafdís afhenda hana næsta vetur til konu sem hún telur að eigi hana skilið.

Við í Lkl. Sunnu óskum öllum gleðilegs sumars og þakkar fyrir veturinn.

Kveðja

*Bjarnveig Ingvadóttir
Fregniritari*



Lionsklúbbur Reykjavíkur



Þann 13. maí s.l. afhenti Lionsklúbbur Reykjavíkur peningagjöf til parkinsonsamtakanna sem viðurkenningarvott fyrir frábært störf. Í ávarpi Sigurðar B. Oddssonar formanns Lionsklúbbs Reykjavíkur af þessu tilefni kom m.a. þetta fram:

„Parkinson er erfiður taugahrörnunarsjúkdómur og öll þekkjum við ástvin, félagar og vin sem haldinn er þessum sjúkdómi eða hafa

látist af völdum hans. Parkinson sjúkdómurinn er vággestur, sem enginn óskar að fá í heimsókn hvorki til sín eða annarra. Framþróun læknávisindanna er mikil á mörgum sviðum og verður helst mæld í lífslengd þjóðarinnar, öll vonum við og biðjum að hægt verði að hægja á og jafnvel stöðva framrás þessa sjúkdóms og ef ég nota líkingamálið að okkur takist að vísa þessum óboðna vággesti á dyr.

Ég vil að þessum orðum loknum færa Parkinsonsamtökunum peningagjöf sem þakkætisvott fyrir ykkar mikilvægu störf, jafnframt því sem ég óska ykkur til hamingju með þessa frábæru aðstöðu hér á Sankti Jòsefsspítalanum í Hafnarfirði“.

Lionsklúbburinn Fjölur

Sala rauðu fjaðrarinnar í ár var hluti af Söfnunarátaki Blindrafélagsins og Lionshreyfingarinnar til kaupa á leiðsöguhundum fyrir blinda. Af því tilefni er ekki úr vegi að rifja upp að fyrsti leiðsöguhundur fyrir blinda kom til Íslands 1957. Það var Lionsklúbburinn Fjölur sem keypti leiðsöguhundinn í Danmörku og færði hann tvítugum manni Gunnari Kr. Guðmundssyni.

Gunnar vann á skiptiborðinu í aðalstöðvum Sambands ísl. Samvinnufélaga við Sölvhólsgötu í Reykjavík og átti heima í Þingholtunum. Vakti

það athygli þegar Gunnar og Tiggy sáu stundlega á gangi saman milli heimilis og vinnu, en leiðsöguhundurinn var tik af labradorkyni sem hafði hlotið nafnið Tiggy.

Gunnar sagði að Tiggy hefði þjónað sér vel og dyggilega í sjö ár en þá varð að svæfa hana vegna ólæknandi sjúkdóms sem hrjáði hana en Gunnar segist alltaf hafa séð eftir henni.

Um daginn fengum við blindan mann í heimsókn til okkar. Hann var með leiðsögu-



hund og kvað það mikið happ fyrir sig að hafa fengið hund. Sagði hann okkur frá því hvernig hann hefði misst sjónina á barnsaldri og hvaða áhrif það hefði haft. Hann lagði þó ekki árar í bát og er með háskólamenntun.

Það er þörf fyrir fleiri leiðsöguhunda en þeir kosta nokkrar milljónir stykkið svo betur má ef duga skal.

Jón H. Magnússon

Lionsklúbburinn Sif í Eyjafjarðarsveit

Hér kemur samantekt fyrir starfsárið 2021-2022 hjá Lionsklúbbnum Sif í Eyjafjarðarsveit.

Í Lionsklúbbnum Sif sem er deild í Lionsklúbbnum Vitaðsgjafa eru 12 konur. Deildin var stofnuð í nóvember 2018.

Starfsárið hófst með hefðbundnum stofufundi 8. september 2021. Hefðbundnir fundir hafa síðan verið ca. einu sinni í mánuði í vetur. Klúbburinn hefur verið duglegur í verkefnavinnu í vetur. Fyrsta verkefnið var birkifræs-söfnun í Kristnesskógi 16. september.

Klúbburinn tók að sér dyravörslu við alþingiskosningar 25. september.

Árlegt október verkefni klúbbsins er Bleika Slaufan til styrktar Krabbameinsfélagi Akureyrar og nágrennis. Bleikar slaufur voru seldar í Eyjafjarðarsveit og söfnuðust kr. 470.000.-

Skemmtinefndargleði var haldin í heimahúsi í október þar sem m.a. var spilað bingó og vinningar voru veglegir.

Hrafnagilsskóli tók þátt í Friðarveggsjaldakeppninni fyrir áeggjan klúbbsins og færði klúbburinn þátttakendum viðurkenningu þegar vinningsmyndin var valin í nóvember.

Leiðisgreinar sem konur í klúbbnum komu saman og skreyttu voru seldar á aðventunni.

Klúbburinn var með kaffisölu á markaði í Laugaborg 4. desember. Markaðurinn var í tengslum við átakið „Opnar dyr í Eyjafjarðarsveit“ þar sem aðilar bjóða fólki heim til að kynna sér vörur og þjónustu sem er í boði í sveitinni.

Litlu jólin voru svo haldin í umsjá skemmtinefndar 1. desember.

Á Þorláksmessu hefur Lkl.Vitaðsgjafi verið með skötuhlaðborð til margra ára. Þeir herramenn buðu okkur til samstarfs við sig árið fyrir Covid sem við þáðum. Það leit ekki út fyrir að hægt væri að hafa þennan



viðburð 2021 en viti menn, það opnaðist glufa og skatan var soðin. Áttatíu manns mættu á hlaðborðið.

Klúbburinn var með á NSR þingi í janúar en tvær konur voru þar áheyrnarfulltrúar.

Gógleði Lionskvenna var haldin í mars og klúbburinn tók þátt í henni.

Lkl Sif tók þátt í söfnun Rauðu fjaðrarinnar í apríl. Það seldust tæplega 100 fjaðrir og söfnuðust kr. 292.000 hjá okkur.

Þrjár konur stormuðu á vel heppnað og upplýsandi Lions þing í Hveragerði í byrjun maí.

Sifjarkonur voru með dyravörslu við sveitarstjórnarkosningar í Eyjafjarðarsveit 14. maí.

Klúbburinn lýkur svo starfsárinu með aðalfundi 8. júní nk. og uppskeruhátíð ársins í framhaldi af honum.

Undan talið er ekki tæmandi upptalning á viðburðum og starfinu hjá klúbbnum en þetta er það helsta.

Gleðilegt sumar, takk fyrir veturinn, sjáumst og heyrumst með haustinu.

*Sigríður Friðriksdóttir,
aðstoðarmaður stjórnar.*

Lionsþing í Hveragerði

Lionsþing nr. 67 á Íslandi var haldið í Hveragerði helgina 6. og 7. maí síðastliðinn. Það var Lionsklúbbur Hveragerðis sem hafði veg og vanda af þinginu og skipulagningu þess. Það er skoðun þess sem þetta ritar að þingið hafi verið vel heppnað og skipulagning á því góð. Ég sem fjölmúðæmisstjóri vill þakka Lionsklúbbi Hveragerðis fyrir þingið. Með þessari stuttu greina fylgja fjölmargar myndir af þinginu sem ljósmyndari þingsins Jorri tók ásamt nokkrum myndum frá undirrituðum.

Porkell Cýrusson fjölmúðæmisstjóri





Fréttir af Lionsklúbbum TÝ

Lionsklúbburinn Týr heldur enn Lvelli, þrátt fyrir áföll og erfiðleika. Góðir félagar hafa horfið yfir móðuna miklu, síðast sáum við á eftir okkar ötula stofnfélaga, Kristjáni Kristjánssyni. Við kveðjum þá með söknuði en fögnum hinsvegar endurkomu féлага, sem hætt höfðu tímabundið í klúbbum. Við höfum ekki staðið í fjáröflunum nema þátttöku í Rauðri fjöður, en tekið að okkur vinnuverkefni í dvalarheimili fatlaðra í Reykjadal. Fundarhald hefur verið hálf skrykkjótt vegna Covid ráðstafana, en við höfum notað tæknina og haldið nokkra Zoom-fundi á netinu með allgóðum árangri. Skemmtiferð með eiginkonum, sem frestað hafði verið um ár, var farin á Selfoss í fyrravor. Sumir gistu eina nótt en aðrir mættu morguninn eftir og tóku þátt í prógrammi, þar sem skoðuð var hin nýja uppbygging miðbæjarins, með góðri leiðsögn Leós Árnasonar framkvæmdastjóra, ásamt skoðunarferð um hinar nýju byggðir Selfoss, sem hafa risið hratt, einkum sunnan við bæinn.

Seinna sl. haust var svo farið í dagsferð með konum austur fyrir fjall aftur, en nú með viðkomu og hestaskál í sumarbústað Björns og Kristbjargar í Kjósinni. Þaðan var haldið um Kjósarskarð til Þingvalla og nestis neytt í ausandi rigingu undir skúrþaki tjaldmiðstöðvar. Áfram var haldið uns stytta upp og hin glæsilega aðstaða í Sólheimum í Grímsnesi heimsótt, enda eru Lionsmenn þar ævinlega velkomnir.

Í kaffistoppi þar var mættur hinn landsfrægi garpur Reynir Pétur, sem tók fyrir okkur nokkur lög á munnhörpu. Þaðan var enn haldið í



bústaðaheimsókn að Miðdalskoti, þar sem Böðvar og Fríða sáu um viðtökur með glæsibrag. Þá lá vel við að enda með súpuveislu í Efstadalsbúinu áður en haldið var heimleiðis. Fundarsókn hefur verið góð þegar gefið hefur til funda og nú bíðum við veðurs til viðhaldsverkefna í Reykjadal í vor.

Fh. TÝS Björn Þorvaldsson.

Myndir: Jónas Ágústsson.